

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð 415/2014 (CLP), reglug. 888/2015 (REACH).



1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.

1.1. Auðkenni vöru

Söluheiti vöru: **Shell Omala S4 WE 220**

Tilvísunarnúmer: 001D7857

Gerð vöru: Blanda, vökvi.

Reach skráningarnr: Á ekki við.

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá

Notkun vöru: Iðnaðarolia.

Fraráðin notkun: Vöruna skal ekki nota til annars en tilgreint er að ofan án samráðs við birgi.

1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið

Fyrirtæki: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.is

Tengiliður fyrirtækis: msds@skeljungur.is

Útgáfudagsetning: 18.01.2018

Útgáfa: 1,0

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

1.4. Neyðarsímanúmer:

Neyðarlinan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Varan er ekki flokkuð hættuleg heilsu eða umhverfi skv. gildandi reglum.

Helstu hættur

Eðlisræn hættu: -

Heilsufarshættu: -

Umhverfishættu: -

2.2. Umbúðamerkingar

Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Hættumerki: -

Viðvörðunarorð: -

Innihaldsefni: -

Hættusetningar (H): -

Varnaðarsetningar (P)

Almennar: -
Forvarnir: -
Viðbrögð: -
Geymsla: -
Förgun: -

Viðbótarupplýsingar: -

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur: Endurtekin eða langvarandi snerting við olíu án fullnægjandi hreinlætis getur stíflað op í húðinni og valdið kvillum s.s. olíubrymlum og bólgum í háirsekkjum.
 Notuð olía getur innihaldið skaðleg óhreinindi.
 Varan flokkast ekki sem eldfim en getur brunnið.

Takmarkanir á notkun:-

Annað: Inniheldur engin REACH skráð PBT eða vPvB efni.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

<i>CAS-nr.</i>	<i>EB-nr.</i>	<i>Efnaheiti</i>	<i>Magn, %</i>	<i>Flokkun</i>
-	-	-	-	-

Lýsing: Blanda pólýalkýlenglýkóla og bætiefna.

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

4. Skyndihjálp.**4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum**

Almennt: Varan er ekki talin hættuleg heilsu við eðlilega notkun.
 Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf með viðeigandi persónuhlífum í samræmi við atburði, umhverfi og skaða.

Við innöndun: Ekki er þörf á sérstökum aðgerðum. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.
Snerting við húð: Fjarlægið fót sem hafa mengast af efninu, skolið húðina vel með nægu vatni og þvoið síðan með vatni og sápu. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.

Snerting við augu: Skolið vel með nægu vatni. Fjarlægið snertilinsur ef við á og haldið skolun áfram. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.

Inntaka: Almenn á ekki að vera þörf á sérstökum aðgerðum nema gleyppt hafi verið umtalsvert magn en leitið samt lækni.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Áhrif, einkenni: Einkenni olíubrymla/stíflaðra háirsekkja geta verið svartar bólur eða blettir á húðinni. Inntaka getur valdið ógleði, uppköstum og/eða niðurgangi. Sjá einnig kafla 11.

4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:

Meðhöndlun skv. einkennum.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

5.1. Slökkviefni/búnaður

Heppileg slökkviefni: Froða eða vatnsúði. Notið duft, koldíoxíð, sand eða jarðveg aðeins á smærri elda. Notið slökkviefni eftir aðstæðum og umhverfi.

Óæskilegur búnaður: Notið ekki háþrýsta vatnssprautu.

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Sérstakar hættur: Við bruna myndast flókin blanda af loftbornum föstum ögnum, gufu og gasi (reyk), sem getur m.a. innihaldið kolmónoxíð og ýmis önnur lífræn og ólífræn efni.

5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðarbúnaður: Viðeigandi hlífðarbúnaður við slökkvistörf. Efnapolinn hlífðarbúnaður og hanskar ef búast má við mikilli snertingu við efnið. Notið ferskloftstæki við slökkvistörf í takmörkuðu rými. Veljið hlífðarbúnað sem er viðurkenndur skv. viðeigandi stöðlum (t.d. EN649).

Sérstakar aðferðir: -

6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Öryggisráðstafanir: Forðist snertingu við húð og augu. Hálsa getur myndast þar sem efnið hefur farið niður, hreinsið upp strax til að forðast slys.

Hlífðarbúnaður: Notið persónuhlífar skv. kafla 8 við hreinsunarstörf.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir: Hindrið að efnið berist í niðurföll eða út í umhverfið. Komið í veg fyrir dreifingu efnisins með hindrunum, t.d. sandi eða jarðvegi. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni: Hreinsið efnið upp sem vökva eða notið sand, jarðveg, leir eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa það upp og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar.

6.4. Tilvisanir í aðra kafla

Tilvisanir: Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla.

7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun

Meðhöndlun: Forðist innöndun gufu eða úða og tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið frásog frá mengunaruppsprettu ef hætta er á gufu- eða úðamyndun. Forðist endurtekna eða langvarandi snertingu við húð. Forðist alla snertingu við notaða olíu. Við meðhöndlun á efninu í tunnum skal nota öryggisskó eða stígvél ásamt viðeigandi tækjabúnaði til að flytja þær úr stað. Fargið menguðum tuskum og þurrkum með viðeigandi hætti til að draga úr eldhættu. Efnið getur hlaðið upp stöðurafragnni. Notið jarðtengingar þegar efnið er flutt til í stærri einingum eða magni.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika

Geymsla: Geymist á köldum og vel loftræstum stað í merktum umbúðum sem hægt er að loka. Má geyma við umhverfshita. Umbúðaefni eða innra byrði umbúða; mjúkt stál eða háþéttni pólýetýlen. Notið ekki PVC. Athugið að pólýetýlen þolir ekki mikinn hita.

Ósamrýmanleiki: -

7.3. Sértek endanleg notkun

Sértek notkun: -

8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.**8.1. Mengunarmörk**

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

Olíupoka, steinefnaolíuagnir (olíuúði): (MG) 1 mg/m³

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar aðgerðir: Tryggið fullnægjandi loftræstingu eftir þörfum. Þegar efnið er hitað, því úðað eða hætta er á gufumyndun en aukin hætta á loftmengun. Nauðsynlegt getur verið að fylgjast reglulega með loftgæðum á vinnustað. Mælingar skulu framkvæmdar og greindar af til þess bærnum aðilum. Persónuhlífar skulu uppfylla staðla fyrir slíkan búnað.

Persónuhlífar;

Öndunartæki: Eru ekki nauðsynlegar við venjulegar aðstæður. Notið öndunargrímu með samsettri síu fyrir lífrænar gufur og agnir ef þörf er á öndunartækjum (gerð A/P, suðumark > 65°C, staðlar EN14387 og EN143).

Fyrir augu: Mælt er með hlífðargleraugum skv. EN166 ef hætta er á að slettur berist í augu.

Fyrir hendur: Mælt er með að nota alltaf efnaþolna hlífðarhanska (skv. EN374). Eftirfarandi hanskaefni getur veitt fullnægjandi vernd: PVC, neopren, nítrílúmmí. Fyrir stöðuga notkun er mælt með hönskum með a.m.k. > 240 mín. gegndræpitíma en > 480 mín. er æskilegt þar sem slíkir hanskar eru fáanlegir. Þykkt hlífðarhanska ætti almennt að vera > 0,35 mm.

Hlífðarhanskar hafa takmarkaðan endingartíma og þarf að skipta reglulega út. Við val á hlífðarhönskum þarf að taka mið af efnum og öðrum aðstæðum sem þeir komast í snertingu við, t.d. efni, snertitíma og tíðni, núnungi, hita ofl. Veljið hlífðarhanska í samráði við söluaðila þeirra m.t.t. efnis, aðstæðna og endingartíma. Skiptið hönskum strax út ef þeir skemmast eða slitna.

Fyrir húð: Viðeigandi hlífðarfatnaður.

Hreinlæti við vinnu: Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Þvoið hendur áður en matast er eða drukkið, fyrir önnur hlé og eftir vinnu. Þvoið hlífðarfatnað reglulega. Hendið menguðum hlífðar- og skófatnaði ef ekki er hægt að þrifa efnið fullkomlega úr.

Umhverfið: Hindrið að efnið berist í niðurföll eða út í umhverfið. Sjá kafla 6.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.**9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika**

Ástand: Vökvi (við stofuhita)

Útlit: Litlaus

<i>Lykt:</i>	Lítill, kolvetnalykt
<i>Sýrustig (pH):</i>	-
<i>Suðumark:</i>	> 280°C (áætlað gildi)
<i>Bræðslumark:</i>	Rennslismark er -39°C (ISO 3016)
<i>Blossamark:</i>	278°C (ISO 2592)
<i>Sprengimörk:</i>	1-10% rúmmáls
<i>Eldnærandi:</i>	-
<i>Sjálfikveikja:</i>	> 320°C
<i>Íkveikimörk:</i>	-
<i>Gufuþrýstingur:</i>	< 0,5 Pa (við 20°C, áætlað gildi)
<i>Gufuþéttni:</i>	> 1 (áætlað gildi)
<i>Uppgufunarhraði:</i>	-
<i>Rokgjörn lífræn efni:</i>	0%
<i>Eðlisþyngd:</i>	1078 kg/m ³ (við 15°C, ISO 12185)
<i>Seigja:</i>	Kinematísk; 222 mm ² /s við 40°C, 34,4 mm ² /s við 100°C (ASTM D445)
<i>Leysni:</i>	Leysni í vatni er óveruleg
<i>Deilistuðull:</i>	Pow > 6 (byggt á uppl. fyrir sambærileg efni)

9.2. Aðrar upplýsingar

Annað: -

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni: Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður og notkun.

10.2. Efnafraeðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki: Stöðugt.

10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf

Hættuleg efnahvörf: Hvarfast við sterka oxunarmiðla.

10.4. Skilyrði sem þarf að varast

Skilyrði: Mikill hiti og beint sólarljós.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni sem skal varast: Sterkir oxunarmiðlar.

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Hættuleg myndefni: Engin við rétta meðhöndlun og geymslu.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Almennt: Notuð olía getur innihaldið óhreinindi sem safnast upp við notkun og geta verið skaðleg heilsu og/eða umhverfi.

Helstu áhrifaleiðir: Húð, augu.

Áhrif við innöndun: Getur valdið minniháttar ertingu.

Áhrif á augu: Getur valdið minniháttar ertingu.

Áhrif á húð: Getur valdið minniháttar ertingu. Endurtekin eða langvarandi snerting við olíu án fullnægjandi hreinlætis getur stíflað op í húðinni og valdið kvillum s.s. olíubrymlum og bólgum í hársökkjum.

<i>Áhrif við inntöku:</i>	Getur valdið ógleði, uppköstum og/eða niðurgangi.
<i>Bráð eiturrif:</i>	LD50 (inntaka, rottur): > 5000 mg/kg LD50 (húð, kanínur): > 5000 mg/kg
<i>Langvinn áhrif:</i>	Ekki talið valda ofnæmi. Ekki talið valda krabbameini, vera stökkbreytivaldandi eða hafa skaðleg áhrif á frjósemi.

12. Vistfræðilegar upplýsingar.

12.1. Eiturhrif

<i>Eiturhrif:</i>	LL/EL/IL50 (fiskur): > 100 mg/l
	LL/EL/IL50 (liðfætlur, krabbadýr): > 100 mg/l
	LL/EL/IL50 (þörungur, vatnablöntur): > 100 mg/l

12.2 Þrávirkni og niðurbjótanleiki

Þrávirkni/niðurbrot: Lífníðurbrot er ekki talið ganga greiðlega. Aðal innihaldsefni vörunnar er lífbrjótanlegt en hlutar þess geta haldist í umhverfinu.

12.3. Uppsöfnun í lifverum

Uppsöfnun í lifverum: Inniheldur þætti sem geta safnast fyrir í umhverfinu. Pow > 6 (byggt á uppl. fyrir sambærileg efni).

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni

Hreyfanleiki: Vökvi við flestar aðstæður í umhverfinu. Berist efnið í jarðveg binst það jarðvegsefnum og verður ekki hreyfanlegt. Flýtur á vatni.

12.5. Mat á PBT/vPvB*- eiginleikum

PBT/vPvB efni: Inniheldur engin REACH skráð PBT eða vPvB efni.

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Aðrar upplýsingar: Efnið leysist illa í vatni og getur hamlað hreyfingum lífvera sem komast í snertingu við það.

* PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lifverum og eru eitruð
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lifverum í miklum mæli.

13. Förgun.

13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Meðhöndlun úrgangs: Endurvinnið ef hægt er eða fargið á öruggan hátt og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur. Skilið úrgangi á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni.

Úrgangsflokkun: Endanotandi ákvarðar flokkun en eftirfarandi flokkun getur átt við:
13 02 06 vélar-, gír- og smurolíur sem gerðar eru úr tilbúnum efnunum.

Förgun umbúða: Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri.

Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

14. Upplýsingar um flutninga.**14.1. UN númer**

UN númer: Varan fellur ekki undir reglur um flutninga á hættulegum farmi.

14.2. Rétt UN sendingarheiti

Sendingarheiti: -

14.3. Hættuflokkur eða flokkar vegna flutninga

Hættuflokkur/flokkar: -

Varúðarmerki: -

Hættunúmer: -

Gangakóði: -

EmS: -

14.4. Pökkunarflokkur

Pökkunarflokkur: -

14.5. Umhverfishættur

Skaðlegt umhverfinu: -

Sjávarmengandi: -

Annað: -

14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

Varúðarráðstafanir: Sjá kafla 7 varðandi varúðarráðstafanir sem flytjandi þarf að hafa í huga eða fara eftir við flutninga.

14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78 & IBC kóðanum:

Magnflutningar: Reglur viðauka 1 gilda fyrir magnflutninga á sjó.

15. Upplýsingar varðandi regluverk.**15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**

Reglugerðir: Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).
Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Takmarkanir á notkun:-

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggisskýrsla: Hefur ekki verið gerð.

16. Aðrar upplýsingar.

Dagsetning útgáfu: 18.01.2018

Útgáfa númer: 1,0

Breyttir liðir: -

Öryggisblað gert fyrir: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.is

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:

-

Aðrar upplýsingar: -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá Shell UK Oil Products Limited, London SE1 7NA, UK, dags. 07.01.2016.